



Heilbrigðisráðuneytið  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík 11.febrúar 2026

## **Umsögn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga um drög að stefnu í áfengis-og vímuvarnarmálum til 2035.**

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) fagnar því að heilbrigðisyfirvöld ætli sér að setja fram heildstæða stefnu í áfengis-og vímuvarnarmálum.

Fíh lýsir ánægju með að í stefnunni sé tekið mið af áherslum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um að draga úr skaðlegri notkun áfengis, auk þess sem stuðst er við gagnreyndar forvarnaraðferðir í samræmi við viðmið WHO og UNODC. Þá einkennist stefnan af skýrum lýðheilsu- og forvarnarsjónarmiðum, þar sem lögð er markviss áhersla á að draga úr nýgengi skaðlegrar neyslu og vernda viðkvæma hópa.

Á undanförunum árum hefur orðið bakslag í forvörnum í áfengis- og vímuvarnarmálum á Íslandi. Þar má meðal annars nefna aukið aðgengi að áfengi, svo sem með netverslunum og á íþróttaviðburðum, auk þess sem dæmi eru um að áfengi sé boðið fram við tilefni á borð við fermingarveislur og barnaafmæli. Jafnframt eru vísbendingar um að neysla áfengis meðal ungs fólks í framhaldsskólum sé á [uppleið](#) sem og neysla ávanabindandi efna og áfengis í [efri bekkjum grunnskóla](#)

Sem samfélag megum við ekki sofna á verðinum í forvarnarstarfi á sviði áfengis- og vímuvarna. Lýðheilsa og almannahagsmunir verða að veða þyngra en fjárhagslegur ávinningur einkaaðila. Afstaða Fíh byggir á faglegum heilindum og hefur velferð samfélagsins að leiðarljósi, en ekki sérhagsmuni. Þá styðst félagið við [heimildir](#) byggða á vísindalegum grunni sem sýna að aukið aðgengi að t.d áfengi leiðir til aukinnar sjúkdómsbyrði, hærri samfélagskostnaðar og aukinnar þjáningar.

Fíh telur að í kaflanum um tillögur til úrbóta, sem byggja á stöðumatskýrslu, skorti sérstaklega á að lagt sé til að efla annars vegar aðgengi að þjónustu og afkastagetu úrræða fyrir börn með ofvirkni og athyglisbrest, sem er þekktur áhættuþáttur fyrir áfengis-og vímuefnavanda, og efla aðgengi að þjónustu og afkastagetu úrræða fyrir börn og ungmenni með mikla áfallasögu sem er einnig [áhættuþáttur](#) fyrir áfengis-og vímuefnavanda.

Fíh gerir þá skýru kröfu að stefnan verði lögð fram tafarlaust og að henni fylgi tímasett aðgerðaráætlun nægilegu fjármagni til fullrar innleiðingar. Jafnframt væntir Fíh þess að yfirvöld



fylgi stefnunni eftir til fulls með nauðsynlegum breytingum á lögum og reglugerðum sem hafa, eða kunna að hafa, bein eða óbein áhrif á framkvæmd hennar. Tryggja þarf markvisst eftirlit með framkvæmd aðgerðaráætlunarinnar og að hún verði endurskoðuð reglulega. Jafnframt er mikilvægt að hún byggi á nýjstu gögnum og samræmdum mælikvörðum.

Við viljum byggja samfélag þar sem lýðheilsa og öryggi eru höfð í forgrunni og öll hafi aðgengi að forvörnum, fræðslu og viðeigandi meðferð vegna áfengis- og vímuefnanotkunar eins og fram kemur í stefnunni. Forvarnir á þessu sviði eru þverfaglegar og snerta marga anga samfélagsins, og því er brýnt að ábyrgð, verkferlar og hlutverk ráðuneyta, stofnana og annarra hagsmunaaðila séu skýrt afmörkuð. Jafnframt þarf að tryggja að stefnur stjórnvalda stangist ekki á, heldur styðji hver aðra.

Árangursríkt forvarnarstarf krefst samstillts átaks allra, byggða á gagnreyndri þekkingu og vísindum, samfélaginu okkar til heilla.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga er reiðubúið til frekari samráðs ef þess er óskað

Virðingarfyllt,

Helga Rósa Másdóttir formaður,

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga